



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 31. maí 2021

R20050193

1341

ep

Borgarráð

Tillaga um breytingu á jafnlaunastefnu Reykjavíkurborgar

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 27. maí 2021, var lögð fram til samþykktar meðfylgjandi tillaga mannauðs- og starfsumhverfissviðs dags 23. apríl, um breytingu á jafnlaunastefnu Reykjavíkurborgar, sbr. 12. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs s.d. Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Með kveðju

Elísabet Pétursdóttir

Hjálagt:

Tillaga mannauðs- og starfsumhverfissviðs dags 23. apríl 2021



Borgarráð

Tillaga um breytingu á jafnlaunastefnu Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi tillögu að breytingu á jafnlaunastefnu Reykjavíkurborgar, frá 26. september 2019:

Í þeim kafla stefnunnar sem ber yfirskriftina „Jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar“, verði gerðar breytingar á 1. másl. 3. mgr. þannig að þar sem nú segir að sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs beri ábyrgð á jafnlaunakerfinu og að það standist lög og alþjóðlegar skuldbindingar varðandi jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla komi orðið „*kynjanna*“ í stað orðanna „*kvenna og karla*“.

Greinargerð

Samkvæmt nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, gilda jafnlaunareglur laganna nú ekki aðeins um karla og konur heldur einnig fólk með hlutlausu skráningu kyns. Rétt er að jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar fylgi þessari skilgreiningu laganna og er ofangreind tillaga, sem unnin var á vettvangi mannauðs- og starfsumhverfissviðs samkvæmt tillögu jafnlaunaneftdar borgarinnar, lögð fram á þeim grunni.

Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs